



Hlutverk foreldra/forráðamanna hjá Þór

- Foreldrar/forráðamenn eru fyrirmyndir barnanna og þurfa að haga sér í samræmi við það.
- Verum hvetjandi og munum að þetta er leikur en ekki heimsmeistarakeppni, það má gera mistök.
- Verum jákvæð – það er allt svo miklu skemmtilegra þegar við erum jákvæð.
- Virðum störf þjálfara - ræðum t.d. ekki persónuleg málefni á meðan á æfingu stendur. Hægt er að hafa samband við þjálfara í gegnum Sportabler ef eitthvað er.
- Virðum störf dómara – margir eru að stíga sín fyrstu skref í dómarastörfum sínum hjá yngri flokkum og þurfa að læra af mistökum sínum.



Almennar upplýsingar:

Skráning:

Það er mikilvægt að skrá barnið strax í félagið. Þjálfarar fylgjast með skráningu og geta vísað óskráðum þátttakendum af æfingum. Þessi skráning er á ábyrgð foreldra. Skráning fer fram á heimasíðu Þórs undir slóðinni: <https://www.thorsport.is/knattspyrna/aefingagjold-og-skraning>

Engin börn sem æfa hjá Þór hafa þátttökurétt á mótum nema gengið hafi verið frá æfingagjöldum og engin börn hafa þátttökurétt á mótum nema að þeim fylgi foreldri/forráðamaður (þ.e. að foreldri/forráðamaður eða annar ábyrgur aðili fylgi þeim á mót). Liðstjóri er ekki sjálfkrafa ábyrgur.

Val á númerum fyrir 3. – 6. flokk

Þegar komið er í 6. flokk þá þurfa krakkar að vera með föst númer á keppnisbúningunum sínum, vegna þess að ekki mega tveir leikmenn í sama liði vera með sama númer. Þjálfarar sjá um að láta krakkana draga númer. Þetta er gert á vetrartímabili áður en keppnistímabilið fer af stað. Til að geta fengið að draga númer þá þarf barn að vera skráð í félagið og búið að ganga frá æfingagjöldum.

Árgangar:

Það eru tveir árgangar í hverjum flokki, eldri og yngri. Við byrjum starfið í 8. flokki. Í flestum tilfellum vinna árgangarnir saman að því að fara á mót.

Foreldraráð:

Foreldraráð starfa í þágu foreldra og er valið að hausti af foreldrum, oftast eru 3-4 fyrir hvern árgang og þeir eru tengiliðir foreldra við þjálfara. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér hverjir eru í foreldraráði í sínum flokki. Foreldraráð sjá um allt skipulag við flest mót, allt nema að raða niður í lið. Þeir sjá um að innheimta allt sem viðkemur mótum (ekki æfingagjöld). Einn úr foreldraráðinu er valinn gjaldkeri.

Foreldraráðin sjá um alfarið um fjáraflanir og þau skipuleggja mótsferðir í samráði við starfsmann unglingaráðs sem sér um að panta rútur, bílaleigubíla og gistingar ef þarf.

Forföll á æfingar/mót:

Mikilvægt er að tilkynna forföll á æfingar til þjálfara í gegnum Sportabler. Einnig er mjög mikilvægt að tilkynna forföll á öll mót í öllum flokkum til þjálfara. Athugið að foreldraráð taka ekki við þessum tilkynningum.

Foreldrar:

Hlutverk foreldra á öllum mótum er að vera drengjunum/stúlkunum hvatning með jákvæðni í fyrirrúmi. Það skiptir miklu máli fyrir alla að foreldrar séu virkir á mótum t.d. með aðstoð á gististað, við að gefa þeim að borða millimálsbita, hvetja á leikjum og vera sýnilegir. Það er alltaf skemmtilegt að sjá foreldra klædda rauðu eða merkta flokknum á einhvern hátt.

Mikilvægt er að foreldrar skipti með sér hlutverkum á mótum og aðstoði sem mest yfir daginn. Stóru mótin eru oft strembin ef fáir eru að sjá um hlutina. Það er ekki sanngjarnt að sumir foreldrar komi bara til að horfa á börnin sín á meðan aðrir strita við að passa upp á alla.

Hvert er þitt hlutverk sem foreldri á mótum?

Þitt barn er í liði með 8-12 öðrum krökkum. Fyrir hvert lið þarf liðsstjóra, gististjóra og matarnefnd. Þetta eru allt hlutverk sem þú sem foreldri getur tekið að þér. Ekki þarf að vera fótboltasníllingur, en skipulag og mannleg samskipti eru nauðsynleg.

Liðsstjóri:

Það þarf alltaf liðsstjóra með hverju liði, þór fer oft með mörg lið og það þarf því mikið og gott skipulag. Foreldrar geta skipt þessu með sér eftir dögum eða jafnvel setur foreldraráð upp vaktaskipulag fyrir hvern dag. Þá skipta foreldrar með sér liðstjórahlutverkinu yfir daginn - þannig geta allir notið þess að vera á mótinu án þess að vera alltaf yfir liðinu. Liðstjóri heldur utan um liðið meðan á móti stendur og hann er í vinnu allan tímann á sinni vakt. Meira um liðstjóra má sjá aftar í þessu skjali.

Gististjóri:

Mikilvægt er að hafa gististjóra, hann tekur við liðinu af liðsstjóra eftir kvöldmat/kvöldvökur og skilar til liðsstjóra eftir morgunmat. Með þessu fyrirkomulagi erum við ekki að ofkeyra einn aðila því það er gríðarlegt álag að vera einn með 8-12 stráka/stelpur á kantinum allan daginn allan tímann. Foreldrar sem taka að sér gististjórn þurfa að hafa í huga að stofurnar eru athvarf krakkanna og þau nota stofurnar til að klæða sig og þurfa næði til þess án þess að hafa foreldra hangandi yfir sér. Á ákveðnum aldri verða krakkar spéhrædd og það þurfa foreldrar að virða. Þór setur ekki reglur um kyn foreldra sem gista heldur treystir umsjónarmönnum til þess að raða liðum í stofur á skynsamlegan hátt.

Gististjóri er ákveðinn fyrirfram þ.e áður en haldið er á mótið og er nauðsynlegt að hafa einn gististjóra fyrir hvert lið. Foreldrar innan hvers liðs geta skipt nóttum með sér. Ef ekki næst að fá gististjóra fyrir lið getur liðið ekki gist nema að samkomulag náist við gististjóra annarra liða um að fóstta lið. Á flestum mótum er ekki ætlast til þess að það séu fleiri en einn að gista með hverju liði en það fer þó eftir plássi og reglum mótshaldara. Það getur þó verið gott að hafa tvo gististjóra með hverju liði.

Matur:

Matur og magn er oft höfuðverkur. Foreldraráð skipuleggur þetta fyrir mót og tekur mið af fyrri mótum, gott getur verið að ræða við fyrri umsjónarmenn um magn.

Hvert er svo hlutverk liðstjóra á vegum þórs á mótum?

Umfram allt þarf þessi aðili að vera jákvæður og hafa áhuga á að aðstoða. Hans hlutverk getur þó stöku sinnum verið að stjórna leik ef þjálfari kemst ekki. Þjálfarar reyna þó að komast hjá þessu en það er ekki alltaf hægt þegar mörg lið keppa samtímis.

Liðstjóri:

- Er fyrirmynd og félagi iðkenda á mótum ásamt því að vera “mamma” og “pabbi”.
- Heldur utan um liðið meðan á móti stendur. Er í vinnu allan mótstímann eða á sinni skilgreindu vakt og ber ábyrgð á liðinu á meðan.
- Virðir þær reglur sem foreldraráð og þjálfari setja fyrir öll liðin meðan á móti stendur.
- Fylgir liði í matartíma sem eru á vegum mótsnefnda s.s. hádegis- og kvöldmat eða virkjar aðra foreldra til þess. Gististjóri fylgir liðinu í morgunmat en gott er að liðstjórar séu komnir snemma til að leysa gististjóra af um leið og morgunmat lýkur.
- Fylgir liðinu á allar skemmtanir s.s. bíóferðir-sund-kvöldvökur á vegum mótsnefndar.
- Sér um að lið mæti tímanlega í setta leiki. Sér um upphitun og að liðið sé undirbúið þegar að þjálfari mætir til leiks.
- Passar upp á að liðið fái nóg að að borða milli mála. Um að gera að virkja aðra foreldra í matarmálum.
- Virðir setta háttatíma og sér til þess að liðið sé komið inn á réttum tíma og komið í sæng á tilsettum tíma með aðstoð gististjóra.
- Heldur utan um samskipti við aðra foreldra og fær aðstoð eftir þörfum frá þeim.
- Tekur tillit til sérþarfa einstakra liðsmanna s.s. varðandi mataræði, svefn og lyf.
- Sér til að drengirnir/stúlkurnar gangi vel um á gististað og mótssvæðið og séu félaginu til sóma allsstaðar meðan á móti stendur.
- Sér til þess að iðkendur haldi vel utan um dótið sitt og fatnað.
- Mætir með góða skapið og er vinur og félagi iðkenda meðan á móti stendur. Þjálfari sér um það sem snýr að knattspyrnunni og við um allt annað. Munum að með samvinnu og framlagi allra foreldra náum við árangri.

Foreldraráð - vinnureglur

Foreldraráð starfa í þágu foreldra og er valið að hausti af foreldrum, oftast eru 3-4 fyrir hvern árgang og þeir eru tengiliðir foreldra við þjálfara. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér hverjir eru í foreldraráði í sínum flokki. Foreldraráð sjá um allt skipulag við flest mót, allt nema að raða niður í lið. Þeir sjá um að innheimta allt sem viðkemur mótum (ekki æfingagjöld). Einn úr foreldraráðinu er valinn gjaldkeri.

Foreldraráðin sjá um alfarið um fjáraflanir og þau skipuleggja mótsferðir í samráði við þjálfara og foreldraráðin sjá um að panta rútur, bílaleigubíla og gistingar ef þarf. Mjög mikilvægt er að vera í góðu sambandi við þjálfara flokksins varðandi skipulag.

- Í upphafi tímabils fær gjaldkeri flokksins aðgang að heimabanka og að reikning flokksins. Starfsmaður ungl.ráðs knd aðstoðar við að setja það upp og kemur með upplýsingar um stöðu inneigna hjá flokknum. Gjaldkeri heldur svo utanum stöðu inneigna og skilar uppfærðri stöðu til starfsmanns ungl.ráðs að loknu tímabili.
- Foreldraráð hefur samband við Lindu (Íþróttafulltrúa Þórs) varðandi fjáraflanir. Linda@thorsport.is og fær leyfi fyrir þeim fjáröflunum sem á að fara í. Þetta er gert svo margir hópar séu ekki í sömu verkefnunum á sama tíma. Skipulag á dósasöfnun er hér fyrir neðan.
- Gjaldkeri fær aðgang að Sportabler og getur sett upp greiðsluviðburði þar til að rukka ferðir og mót. Starfsmaður aðstoðar við að setja upp þann aðgang og sendir leiðbeiningar varðandi hvernig kerfið virkar. Alltaf hægt að leita í hann með aðstoð með þetta.
- Þegar greiðsluviðburðir eru settir upp skal alltaf nota inneign iðkenda upp í kostnað ef þeir eiga inneign. Gjaldkeri þarf að passa sérstaklega upp á að fylgjast með að allir séu búnir að greiða þegar greiðslufrestur er liðinn á greiðsluviðburðinum í Sportabler.
- Foreldraráð panta rútu og gistingu í samráði við þjálfara hvers flokks. Ungl.ráð greiðir kostnað af því sem er bókað og rukkar svo foreldraráð eftir á um þann kostnað. Unglingaráð heldur úti lífandi skjali sem foreldraráð hefur aðgang að varðandi allar ferðir og kostnað.
- Ef það þarf að skrá á mót snemma og ekki til peningur á reikning flokksins þá er hægt að hafa samband við starfsmann ungl.ráðs og hann greiðir mótið og rukkar flokkinn síðar.
- Rútukostnaður deilist á alla sem taka þátt í verkefninu sama hvort þeir nýti sér rútu eða ekki. En gisting greiðist einungis af þeim sem nýta sér hana.
- Rútustyrkur frá ÍSÍ reiknast á allar rútuferðir sem eru lengri en Blönduós og er gert ráð fyrir niðurgreiðslu á rútuferð til Reykjavíkur. Minna fyrir styttri ferðir. Þetta á einungis við í Íslandsmótsleikjum.
- Ef farið er á einkabílum þarf foreldraráð að greiða bílaleigubíl og/eða bensín fyrir þjálfara.

- Foreldraráð sér um matarplan í ferðum og skal gera ráð fyrir þjálfara og fararstjóra með í þeim plönnum. Þjálfari fær armband og skal vera í mat mótsins, ef ekki er gert ráð fyrir mat fyrir hópinn (krakkarnir á eigin vegum) skal greiða sérstaklega til þjálfara/fararstjóra. Upphæð er 5000 kr á dag á hvern þjálfara og fararstjóra.
- Þegar lið fara í ferðir (Íslandsmót, bikarleikir og sumarmótin) skal greiða dagpeninga. 5000kr fyrir hálfan dag og 10.000kr fyrir heilan dag. T.d ferð frá fös.seinnipart og heimkoma á sunnudagsseinnipart væri kostnaður (5000+10000+5000), dagsmót á Húsavík er 10.000 ef viðvera fer yfir 6.klst. Deilist á þá keppendur sem fara í ferðina.
- Ef leikmaður er að spila upp um flokk í Íslandsmóti þá niðurgreiðir unglingaráð þá ferð um 6000 kr fyrir þann einstakling. (að því gefnu að sá einstaklingur sé líka að spila og taka ferðir með sínum venjulega flokk)
- Ef iðkandi hættir þá er einungis leyfilegt að færa inneignir milli systkina innan fótboltans. Eða á systkini eða sama iðkanda í annarri íþrótt innan Þórs.
- Þjálfarakostnaður í ferðum sem deilist á alla þátttakendur í mótum:
 - Ferðakostnaður - ef ekki er farið með rútu skal borga bílaleigubíl og/eða bensín fyrir þjálfara.
 - Gistikostnaður - greiða þarf gistingu fyrir þjálfara ef ekki er boðið upp á gistingu á vegum mótsins. Þjálfari skal reyna að stilla kostnaði í hóf.
 - Matarkostnaður - Þjálfari fær armband ef það fylgir með mótsgjaldi, annars fær hver þjálfari 5000 kr. á dag í matarpening.
 - Dagpeningar - Þegar farið er í mót með langri fjarveru skal greiða hverjum þjálfara 10.000 kr. á dag í dagpening fyrir heilan dag og 5000 kr. fyrir hálfan dag..
- Kostnaður á hvern keppanda:
 - Þjálfarakostnaður - sjá hér ofan.
 - Mótsgjald - muna að taka með staðfestingargjald ef það er.
 - Ferðakostnaður - Ef að meirihluti þarf að fara í rútu greiða allir sem taka þátt í verkefninu í rútnni.
 - Gistikostnaður - einungis þeir sem gista greiða fyrir gistingu. Stefnt er á að stilla gistikostnaði í hóf.
 - Matarkostnaður - oftast þarf að gera ráð fyrir auka kostnaði í mat þrátt fyrir að keppendur fái armband. Í Íslandsmótsferðum þarf að skipuleggja allar máltíðir.
- Fjáraflanir

Dósaöfnun skipting árs			
Mánuður	Íþrótt	Flokkur	Athugasemdir
apríl	fótbolti	4.kk - kvk	
maí	fótbolti	6.kk	

júní	fótbolti	5.kvk	
júlí	fótbolti	6.kvk	
ágúst	fótbolti	5.kk	
desembur	fótbolti	3.kk-3.kvk	
*Söfnun skal fara fram 1.-15. hvers mánaðar			

